

Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað íbúar í Bólstaðarhlíð geti gert til þess að snúa þeirri ákvörðun skipulagsyfirvalda við að fjarlægja gáma fyrir plast og pappír úr sorpgerðinu – safnað undirskriftum?

Greinargerð

Gámarnir við Kjarvalsstaði anna ekki því magni sem til fellur af pappír og plasti úr hverfinu. Það veldur síðan auknum sóðaskap sem og auknum keyrslum íbúa borgarenda á milli með plast og pappír. Það er einmitt pappír og plast sem er megin uppistaðan í því sorpi til fellur frá heimilum hvað umfang varðar. Málmur og gler getur varla verið það stór hluti að það þurfi undir það heilt sorpgerði. Þetta fyrirkomulag gæti þýtt fjölgun sorptunna við hús í hverfinu sem hefur í för með sér aukin kostnað og tefur enn frekar tæmingu.

Fyrir utan það óhagræði sem af þessari ákvörðun stafar, gengur hún beinlínis gegn grænu plani. Ein keyrsla gámabíls vegna pappá og plasts er minna inngríp í umferð og mengun höfuðborgarinnar í stað allra þeirra einkabíla sem nú þurfa að keyra út og suður með rusl sem annars hefði verið hægt að ganga með í grenndargámana í Bólstaðarhlíð.